

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Ársskýrsla
2008

Ársskýrsla Framleiðnisjóðs landbúnaðarins

Texti ársskýrslu, bls. 3-16: Bjarni Guðmundsson
Gerð ársreikninga: Jón G. Guðbjörnsson
Samantekt taflna ofl.: Þórhildur Þorsteinsdóttir

Forsíða: *Mold, vél og maður*
Ljósmyndari: Áskell Þórisson

Prentun: Leturprent, Síðumúla 22, R.

1. Inngangur

Framleiðnisjóður landbúnaðarins starfar samkvæmt lögum nr. 89/1966 með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að „veita styrki og lán til framleiðni aukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á björðum.“ Landbúnaðarráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Skulu tveir menn tilnefndir af landbúnaðarráðherra, tveir af Bændasamtökum Íslands og einn af ráðherra byggðamála. Stjórn Framleiðnisjóðs tekur ákvarðanir um veitingu styrkja og lána sjóðnum á grundvelli umsókna er honum berast.

Tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins eru starfsfé í samræmi við samning sem landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, og Bændasamtök Íslands gera samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998. Aðrar tekjur Framleiðnisjóðs eru vaxta- og umsýslutekjur.

2. Stjórn og starfsmenn

Í stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sitja nú með skipunartíma til 16. janúar 2009:

Bjarni Guðmundsson, Hvanneyri, formaður, tilnefndur af landbúnaðarráðherra
Kjartan Ólafsson, Hlöðutúni, Árn., tilnefndur af landbúnaðarráðherra
Gunnar Sæmundsson, Hrútatungu, V.-Hún., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands
Sveinn Ingvarsson, Reykjahlíð, Árn., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, og
Elín Aradóttir, Birkilundi 3, Akureyri, tilnefnd af iðnaðarráðherra.

Varamenn í stjórn Framleiðnisjóðs eru skipaðir í sömu röð tilnefningar:

Páll Stefánsson, Stuðlum, Árn.
Benjamín Baldursson, Ytri-Tjörnum, Eyj.
Haraldur Benediktsson, Vestra-Reyni, Borg.
Sigríður Bragadóttir, Síreksstöðum, N.-Múl. og
Halldóra Jónsdóttir, Grímshúsum, S.-Þing.

Framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er Jón G. Guðbjörnsson. Fulltrúi á skrifstofu er Þórhildur Þorsteinsdóttir í 80% starfshlutfalli. Stjórnarformaður annaðist einnig nokkur verkefni vegna framkvæmdastjórnar. Framleiðnisjóður leigir húsnæði til starfsemi sinnar í skrifstofubyggingu Borgarlands ehf. við Hvanneyrargötu 3 á Hvanneyri.

Ríkisendurskoðun endurskoðaði ársreikning Framleiðnisjóðs 2008.

3. Starf Framleiðnisjóðs 2008

Stjórn Framleiðnisjóðs hélt fimmtán formlega fundi á árinu 2008. Stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóri fóru kynnisferð um Þingeyjarsýslur og Norður-Múlasýslu í ágúst, og heimsóttu marga aðila sem átt hafa eða eiga samskipti við sjóðinn. Auk þess fóru stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sérstakar ferðir, m.a. um Suðurland, Vesturland og Húnavatnssýslur til þess að ræða við einstaklinga og forráðamenn samtaka og fyrirtækja sem ýmist höfðu sótt um eða þegar fengið framlög til atvinnuuppbyggingar og þróunarverkefna. Að venju voru ýmsir fundir haldnir með einstaklingum og fulltrúum aðila er óskað höfðu liðsinnis Framleiðnisjóðs eða áttu við hann önnur erindi.

Stjórnir Framleiðnisjóðs og Bændasamtaka Íslands héldu árlegan samráðsfund í Reykjavík þann 12. nóvember þar sem farið var yfir sameiginleg viðfangsefni og málefni kynnt. Haldið var þeirri venju að greina frá starfi Framleiðnisjóðs á Búnaðarþingi og leggja þar fram ársskýrslu sjóðsins fyrir næstliðið ár. Var það að þessu sinni gert 5. mars 2008.

Á heimasíðu Framleiðnisjóðs (www.fl.is) eru upplýsingar um sjóðinn og starfsemi hans, fréttir og tilkynningar svo og umsóknareyðublöð. Ársskýrslur sjóðsins 1998-2007 eru á heimasíðu hans. Þær voru einnig gefnar út prentaðar en í takmörkuðu upplagi.

4. Starfsreglur Framleiðnisjóðs 2008

Stjórn Framleiðnisjóðs fjallaði í upphafi ársins 2008 að venju sinni um starfsreglur fyrir árið og bar þær undir landbúnaðarráðherra lögum samkvæmt. Stjórn samþykkti að halda þeim óbreyttum frá fyrra ári. Starfsreglurnar og fjárhagsáætlun á grundvelli þeirra mótuðu meginstefnu um ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum á árinu. Starfsreglurnar voru þessar:

Framleiðnisjóður landbúnaðarins styður með styrkjum og lánum verkefni til nýsköpunar og framleiðniaukningar í landbúnaði og við aðra eflingu atvinnu í dreifbýli, sbr. lög nr. 89/1966.

Framleiðnisjóður leggur áherslu á að fjármagn sjóðsins verði til viðbótar framlögum frá ábyrgðaraðilum verkefnanna, bæði eigin fjár og því sem þeir kunna að afla frá öðrum.

Framleiðnisjóður leggur áherslu á að verkefni feli í sér raunverulega nýsköpun í landbúnaði, auki fjölbreytni hans og séu líkleg til þess að skila arði.

Með hliðsjón af þessu býður Framleiðnisjóður á árinu 2008 fram stuðning við vel undirbúin verkefni innan eftirtalinna flokka:

- a. hagnýt rannsókn- og þróunarverkefni á vegum stofnana, búgreina og einstaklinga*
- b. nýsköpun atvinnu á bújörðum, hópverkefni bænda og fyrirtæki í dreifbýli*
- c. endurmenntun og þekkingarauka í landbúnaði*
- d. markaðsöflun fyrir afurðir landbúnaðar.*

Framleiðnisjóður hefur tekið við því hlutverki sem Smáverkefnasjóður sinnti áður. Framleiðnisjóður hvetur jafnt konur sem karla til að senda umsóknir um fýsileg verkefni til sjóðsins. Framleiðnisjóður vill stuðla að virku samstarfi við aðrar stofnanir sem styðja þróun og nýsköpun í sveitum landsins.

5. Fjármunir og ráðstöfun þeirra 2008

Á árinu 2008 voru tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins alls 204,0 mkr. Þar af nam framlag ríkis skv. fjárlögum 160,0 mkr. Fjármunatekjur námu 44,0 mkr. Svo sem sagði í ársskýrslu 2007 naut Framleiðnisjóður þá ekki fjár úr Fóðursjóði (sbr. 31. og 33. gr. laga nr. 99/1993) þar sem gjöld til hans höfðu verið felld niður (sjá rg. nr. 508/2006). Enn hefur Fóðursjóður ekki verið gerður endanlega upp svo óvíst er hvort og þá hve mikilla tekna Framleiðnisjóður má vænta þaðan.

Eins og fyrri ár var óhöfnum framlögum endurráðstafað, að upphæð 28,2 mkr., en það eru framlög sem samþykkt voru á árunum 2006 og fyrr en hafa ekki verið nýtt. Sjóðurinn hefur fylgt þeirri reglu sinni að loforð um framlag fynast að tveimur árum liðnum.

Samþykkt framlög úr Framleiðnisjóði og samningsbundnar greiðslur námu 186,7 mkr. Á árinu 2008 nam rekstrarkostnaður Framleiðnisjóðs alls 18,7 mkr. samanborið við 20,1 mkr. árið 2007. Sjóðurinn er gerður upp með 1,4 mkr. halla samanborið við 4,95 mkr. tekjuafgang árið á undan.

Eignir Framleiðnisjóðs í árslok 2008 námu 271,4 mkr.; þar af voru 255,4 mkr. innistæður í lánastofnunum en á móti koma óhafin framlög (loforð um styrki) og umsýslufé sem nemur 157,7 mkr. Útlán eru 6,0 mkr. að frádregnum afskriftasjóði. Eigið fé Framleiðnisjóðs var 113,7 mkr. í árslok 2008.

Með árinu 2008 varð sú breyting að Garðávaxtasjóði, sem stjórn Framleiðnisjóðs hafði annast um árabíl, var breytt í samræmi við 75. gr. laga nr. 58/2007 en þar segir: „*Styrktarsjóður sá sem varð til vegna tekna af sölu og leigu á eignum, ásamt sjóðum Grænmetisverslunar landbúnaðarins, skal sameinaður Framleiðnisjóði landbúnaðarins og lúta þeim lögum og reglum sem um hann gilda.*“ Skýrir lagagreinin meginbreytingu á eiginfjártlögu Framleiðnisjóðs á milli áranna 2007 og 2008.

Um fjárhag Framleiðnisjóðs er að öðru leyti vísað til ársreiknings hans sem fylgir þessari skýrslu og skýringa við hann. Ársreikningur Framleiðnisjóðs er gerður upp á rekstrargrunni.

6. Umsóknir og erindi 2008

Á árinu 2008 tók stjórn Framleiðnisjóðs alls fyrir 184 aðsend erindi. Af þeim voru 54 umsóknir vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum en 130 töldust til almennra umbótaverkefna á sviði landbúnaðar.

Á árinu 2008 afgreiddi stjórn Framleiðnisjóðs 152 erindi með fyrirheiti um fjárstuðning, mun fleiri en árið á undan (100). Af þeim voru 54 vegna atvinnuefingar og nýsköpunar á bújörðum en 98 almenn verkefni, þar af nokkur í fleiri en einum lið. Hafnað var 4 erindum úr fyrri flokknum. Úr síðari flokknum var 35 erindum hafnað, þau viku í forgangsröð eða voru talin utan starfssviðs sjóðsins. Nokkur erindanna fólu ekki í sér beiðni um fjárstuðning, voru dregin til baka eða þau sameinuð öðrum erindum. Þess skal getið að örfá erindi voru í vinnslu hjá sjóðnum bæði í upphafi og við lok starfsárs.

Umsóknir til sjóðsins árið 2008 urðu mun fleiri en næstliðið ár, einkum erindi vegna atvinnuefingar og nýsköpunar á bújörðum. Aukninguna má að mestu rekja til hvetjandi áhrifa verkefnisins *Vaxtarsprotar* sem nánar verður sagt frá.

7. Helstu verkefni sem stuðnings nutu

Hér verður getið helstu viðfangsefna sem Framleiðnisjóður samþykkti stuðning við á árinu 2008. Skrár um einstök framlög, sem sjóðurinn samþykkti að veita einstaklingum, stofnunum og samtökum, er að finna í 3.-5. töflu hér á eftir. Einnig er vísað til ársreiknings sjóðsins og skýringa með honum.

a) Hagræðingar- og framleiðniverkefni

Þróunarverkefni búgreina. Undanfarin ár hefur stjórn Framleiðnisjóðs ráðstafað fjármunum til hagræðingarverkefna í einstökum búgreinum eftir sérstökum reglum. Vegna brottfalls tekna sjóðsins af fôðurgjöldum og þrengri fjárhagsramma ákvað sjóðsstjórn að hverfa frá þessum hætti. Spurn búgreina eftir sérstöku þróunarfé í þessum flokki reyndist enda lítil á árinu. Áhugi og áhrif búgreinanna komu hins vegar fram í ýmsum rannsókn- og þróunarverkefnum, sem þau ýmist áttu hlut að eða mæltu sérstaklega með. Stærstu styrkirnir voru vegna innflutnings erfðaefnis til svína- og loðdýraræktar.

Önnur rannsókn- og þróunarverkefni hefur Framleiðnisjóður að venju styrkt í töluverðum mæli enda spurn eftir stuðningi við þau mikil. Stærstu verkefni í þessum flokki á árinu 2008, hvað fjárupphæðir snerti, voru á eftirfarandi verksviðum:

- vegna fôðurræktarrannsókna á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands
- vegna nýs fôðurmatskerfis (NorFôr) hjá Bændasamtökum Íslands (BÍ)
- vegna nýbreytni í gagnavinnslu og ráðgjöf á sviði jarðyrkju og búfjárræktar hjá BÍ
- vegna bleikjurannsókna hjá Akvaplan niva
- vegna stefnumóts bænda og hönnuða hjá Listaháskóla Íslands
- vegna rannsóknáttaks í garðyrkju hjá Landbúnaðarháskóla Íslands

Rannsókn- og þróunarverkefni voru af mjög fjölbreyttum toga, svo sem nánar má lesa um í 3. töflu hér á eftir, svo og í 13. lið skýringa með ársreikningi.

Samfjármögnun verkefna með Rannsóknamiðstöð Íslands. Samstarf Framleiðnisjóðs og Rannsóknasjóðs um fjármögnun rannsókn- og þróunarverkefna á sviði landbúnaðar hefur staðið allt frá árinu 1992. Þeim verkefnum, sem stjórn Framleiðnisjóðs, taldi falla að lögbundnu hlutverki hans, hefur fækkað auk þess sem ráðstöfunarfé Framleiðnisjóðs hefur skroppið saman, öndvert við fé Rannsóknasjóðs. Þannig lagði Framleiðnisjóður aðeins fé til þriggja nýrra samstarfsverkefna á árinu 2008, auk jafnmargra framhaldsverkefna, samtals 7,05 mkr., sjá 5. töflu.

b) Nýsköpun og efling atvinnu á bújörðum

Á árinu 2008 miðaðist stuðningur Framleiðnisjóðs við nýsköpun og eflingu atvinnu á bújörðum við 30% áætlaðs kostnaðar, allt að 2,0 mkr. á býli. Viðbótarframlög, allt að 1,0 mkr., voru þó veitt vegna framkvæmda sem taldar voru geta skapað tvö ársverk eða fleiri. **Samtals námu framlögin 96,5 mkr. sem er mun meira en árið á undan.** Fleiri verkefni á vegum bænda voru studd eins og sjá má í 3. töflu (B2); verkefni sem fleiri aðilar eiga hlut að eða varða óstaðbundna starfsemi en fela þó í sér áhugaverða nýsköpun í sveitum. Samþykkt erindi, er snerta atvinnueflingu og nýsköpun á einstökum bújörðum, skiptast eftir landshlutum og viðfangsefnum eins og 1. tafla sýnir:

1. tafla. Samþykkt framlög til nýsköpunar og eflingar atvinnu á bújörðum 2008

Landshluti	Ferða- búskapur	Búfj. - og jarðrækt	Iðnaður	Þjónusta	Ýmislegt	Alls
Vesturland	4	1	2	-	1	8
Vestfirðir	2	1	1	-	-	4
Norðurland vestra	1	2	2	1	-	6
Norðurland eystra	5	5	3	-	-	13
Austurland	1	1	2	-	1	5
Suðurland	4	7	2	1	1	15
Reykjanes	1	1	1	-	-	3
SAMTALS	18	18	13	2	3	54

Verkefni í þessum flokki hafa ekki verið jafnmörg síðan árið 1997. Sem fyrr var ferðabúskapur af ýmsu tagi stór hluti studdra umsókna. Þar var um að ræða gisti- og veitingaaðstöðu en líka verkefni á sviði afþreyingar fyrir ferðamenn. Í flokki búfjár- og jarðræktar var stærstur hlutinn verkefni sem varða sérhæfða aðstöðu til hrossatamninga. Það viðfangsefni hefur einnig einkennt umsóknir til Framleiðnisjóðs á liðnum árum enda mikill vöxtur verið í markvissri hrossarækt landsmanna. Í flokknum iðnaður fer mest fyrir heimavinnslu búsafurða sem virðist vera eitt helsta nýbreytnisviðið í sveitum þessi misserin.

Samstarf við Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem formlega var stofnað til í árslok 2006 með verkefninu *Vaxtarsprotar*, hélt áfram árið 2008. Til framkvæmdar sjálfu verkefninu varði sjóðurinn að sínum hluta 5,029 mkr. vegna reksturs þess á síðari hluta ársins 2008 og fyrri hluta ársins 2009. Jón G. Guðbjörnsson, framkvæmdastjóri, er fulltrúi FL í stjórn verkefnisins. Elín Aradóttir, stjórnarmaður FL, stjórnar verkefninu sem starfsmaður Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Sérstök árgreinargerð er um verkefnið í 8. kafla ársskýrslunnar.

c) Endurmenntun – námsstyrkir

Framleiðnisjóður hafði frumkvæði að því að koma á fót starfsmenntasjóði hjá Bændasamtökum Íslands. Komst sú skipan á með skólaárinu 2006-2007. Stjórn Bændasamtakanna setti starfsmenntasjóði starfsreglur með samráði við stjórn Framleiðnisjóðs. Stjórn Framleiðnisjóðs leggur framtakinu fjármuni er ganga til þess að létta bændum og búaliði sókn til endurmenntunar. Greinargerð um sjóðinn er í 8. kafla ársskýrslunnar. Ber hún með sér að spurn eftir stuðningi vegna endurmenntunar reyndist mun minni á árinu 2008 en næstliðið ár. Það er mikið íhugunarefni í ljósi hraðra breytinga framleiðslu- og markaðsumhverfis landbúnaðarins. Þar sem starfsmenntasjóðurinn hefur nú starfað í tvö heil ár er komið að mati á starfsárangri hans og umræðum um framtíðarskipan sjóðsins.

Á árinu 2008 samþykkti stjórn Framleiðnisjóðs námsstyrki til fimm nemenda í framhaldsnámi í búvísindum. Þá voru einnig veittir fimm styrkir til starfandi bænda vegna umfangsmeiri endurmenntunar (a.m.k. 15 námsvikur). Ennfremur studdi Framleiðnisjóður þrjú verkefni í samvinnu við Nýsköpunarsjóð námsmanna á árinu.

d) Markaðsöflun

Á árinu 2008 samþykkti Framleiðnisjóður framlög til markaðsverkefna að upphæð 14,6 mkr. Stærsta framlagið var vegna markaðsátaks vegna bleikjusölu erlendis. Sjóðurinn lagði kartöflubændum lið við kynningarefni þeirra vegna *Árs kartöflunnar 2008*. Nokkur önnur verkefni voru studd, þ.m.t. verkefni Fæða og fjör (*Food and Fun*) og Ísland náttúrlega (*Iceland naturally*) sem nú hafa staðið um árabíl.

e) Landbúnaðarsýning BsSI 2008

Vegnar aldarafmælis síns efndi Búnaðarsamband Suðurlands til landbúnaðarsýningar við Helli dagana 22.-24. ágúst 2008. Margir gestir víða að aflandinu sóttu hina fjölbreyttu og umfangsmiklu sýningu þótt veður væru ekki hin blíðustu sýningardagana. Stjórn Framleiðnisjóðs veitti Búnaðarsambandinu stuðning til sýningarhaldsins. Á sýningunni sjálfri deildi Framleiðnisjóður kynningarbás með Hagþjónustu landbúnaðarins þar sem sjóðurinn kynnti hlutverk sitt, starf og verkefni. Náði hann þar athygli margra sýningargesta.

f) Stuðningur við annan atvinnurekstur

Umsóknir bárust um stuðning við ýmsan annan atvinnurekstur á landsbyggðinni en getið er í b-lið þessa kafla. Var þar bæði um að ræða afþreyingarverkefni innan ferðaþjónustu sem og hefðbundnari framleiðslufyrirtæki, sjá 3. töflu, B2.

8. Af sérstökum verkefnum FL

a) Vaxtarsprotar - Samstarfsverkefni Framleiðnisjóðs og Impru

Verkefnisstjórinn, Elín Aradóttir, segir þannig frá verkefninu:

Framleiðnisjóður og Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands héldu á árinu áfram samstarfi sínum um verkefnið *Vaxtarsprotar*. Um er að ræða stuðningsverkefni sem hefur það að markmiði að hvetja og styðja við fjölbreytta atvinnusköpun í sveitum. Verkefnið fór af stað í upphafi ársins 2007, en kom til framkvæmdar í Þingeyjarsýslum, Dalabyggð og Reykhólahreppi á árinu 2008. Gert er ráð fyrir að framhald verði á öðrum svæðum á næstu misserum.

Verkefnið er opið öllum íbúum í sveit og vinnur hver og einn þátttakenda að þróun eigin viðskiptahugmynda. Þátttakendum í verkefninu hefur staðið til boða margvíslegur stuðningur. Boðið hefur verið upp á námskeið, einstaklingsbundna ráðgjöf, auk þess sem ýmsir styrkjamöguleikar hafa verið kynntir. Framkvæmd verkefnisins á árinu 2008 var unnin í samvinnu við Búnaðarsambönd og atvinnuþróunarfélög á viðkomandi svæðum. Samstarfsaðilarnir voru eftirfarandi: Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Búgarður ráðgjafarþjónusta á Norðausturlandi, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Búnaðarsamtök Vesturlands.

Líkt og á árinu 2007 reyndist mikill áhugi fyrir verkefninu. Aðsókn var góð á námskeið og aðra viðburði á vegum verkefnisins. 50 manns luku námskeiðunum og mun fleiri nýttu sér hluta þeirra, auk einstaklingsbundinnar leiðsagnar. Þátttakendafjöldi frá því að verkefnið hóf göngu síðar er því kominn á annað hundrað. Mörgum þeirra atvinnuskapandi verkefna sem þátttakendur unnu að á árinu hefur nú þegar verið ýtt úr vör en önnur eru enn á undirbúningsstigi. Ennfremur hafa margir forsvarsmenn starfandi fyrirtækja nýtt sér Vaxtarsprotaverkefnið til frekari framþróunar á sinni starfsemi.

Sú venja hefur skapast að ljúka Vaxtarsprotaverkefninu á hverju svæði með veglegri uppskeruhátíð. Hátíð var haldin í Félagsheimilinu Skúlagarði í Kelduhverfi þann 13. júní 2008. Þar komu saman þátttakendur verkefnisins úr Þingeyjarsýslum, auk margra góðra gesta. Áform eru um sambærilegan viðburð þann 22. janúar 2009 í Félagsheimilinu Tjarnarlundi í Dalabyggð og lýkur þar með verkefninu í Dalabyggð og Reykhólahreppi. Markmið þessara hátíða er að skapa formlega umgjörð um lok verkefnisins, að hefja vinnu þátttakenda til vegs og virðingar og vekja athygli á viðfangsefnum þeirra.



Þátttakendur í verkefninu Vaxtarsprotar úr Þingeyjarsýslum við brautskráningu vorið 2008 (Ljós.: Selma Sigurjónsdóttir)

b) Afmælisstyrkur FL

Í tilefni fjörutíu ára starfsafmælis í árslok 2006 samþykkti stjórn Framleiðnisjóðs að bjóða styrki til rannsókna á völdum verksviðum landbúnaðar og var efnt til samkeppni um þá, sjá ársskýrslu FL fyrir árið 2007 bls. 9-10. Valið var verkefnið *Litróf landbúnaðarins og forsendur fjölbreyttrar atvinnu í sveitum* frá land- og ferðamálafræðiskor Háskóla Íslands. Hlaut það ársstyrk, 5 mkr. á árinu 2007. Stuðningur síðara ársins skyldi ráðast af framvindu verkefnisins. Rannsóknahópurinn, sem verkefnið annast, gerði stjórn Framleiðnisjóðs grein fyrir gangi verkefnisins á tveimur fundum á árinu 2008 og skilaði einnig áfangaskýrslu í júní það ár. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki með opinberri kynningu niðurstaðna þess á útmánuðum ársins 2009, m.a. á Fræðapingi landbúnaðarins.

c) Starfsmenntasjóður

Starfsmenntasjóður, sem fjármagnaður er af Framleiðnisjóði eins og fyrr sagði, tók til starfa um miðbik ársins 2006. Mótaðar voru reglur um stuðning og þær kynntar, sjá m.a. www.bondi.is/landbunadur/wgbi.nsf/key2/bosn6tld3c.html Skrifstofa Bændasamtaka Íslands annast daglega umsjón sjóðsins og er eftirfarandi byggt á greinargerð skrifstofunnar:

Á árinu 2008 bárust alls 237 umsóknir (491 árið 2007) er þannig skiptust eftir búgreinum:

2. tafla. Fjöldi umsókna um starfsmenntastyrki á árinu 2008 skipt eftir búgreinum

Búgrein	Fjöldi	Búgrein	Fjöldi
Alifuglarækt	3	Sauðfjarrækt	144
Ferðaþjónusta	1	Skógrækt	9
Hrossarækt	15	Svínarækt	1
Loðdýrarækt	0	Ylrækt og matjurtir	1
Nautgriparækt	58		
Nýsköpun og hlunnindanýting	5		

Árið 2008 veitti Starfsmenntasjóður 227 styrki að upphæð 3.299.000 kr. Nokkrar umsóknir eru í úrvinnslu.

Eins og áður endurspeglar viðfangsefni umsækjenda fjölbreytileika landbúnaðarins, markaðan námsframboði, þótt þorri styrkjanna tengist námskeiðum í hinum hefðbundnu og stóru búgreinum, sauðfjár- og nautgriparækt.



Ferðaþjónusta að Bjargi í Mývatnssveit (Ljósmynd: Jón G. Guðbjörnsson).

9. Í sömu leit ...

Umsóknir til Framleiðnisjóðs á árinu 2008 voru afar fjölbreyttar að efni. Þær endurspegla vilja umsækjenda til atvinnueflingar og nýsköpunar. Ástæða er til að vekja enn athygli á þeim góða árangri sem náðst hefur með *Vaxtarsprotum* – samvinnuverkefni Framleiðnisjóðs og Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Fjöldi fólks víða um land hefur notað tækifæri verkefnisins til þess að kanna, móta og reyna hugmyndir sínar til nýsköpunar. Má þar glöggt sjá hve mikilvægt er að leggja alúð við undirbúning nýsköpunarhugmynda áður en ráðist er í framkvæmdir með fjárfestingu. Þekkingin – *verkkunnáttan* – er sjaldnast dýrasti hluti framkvæmdarinnar en oftast þó sá mikilvægasti.

Rannsóknir eru nýsköpun þekkingar. Framleiðnisjóður hefur í árána rás lagt umtalverða fjármuni til þeirra. Um þessar mundir er það raunar svo að sjóðurinn stendur nær einn undir ytri fjármögnun allra landbúnaðarrannsókna. Í ljósi þess, svo og minnkandi fjármuna sjóðsins, verður því ekki burtu bægt nokkrum áhyggjum af því hvernig tryggja megi nauðsynlega nýsköpun þekkingar í þágu landbúnaðar á Íslandi næstu árin.

Í gegnum aldirnar fleyttu hyggjur bændur fé sínu oft framúr á knöppu fóðri en með góðri nýtingu þess. Í ljósi tímanna, sem yfir okkur hafa verið kallaðir, og þess að raunvirði ráðstöfunarfjár Framleiðnisjóðs hefur skroppið mjög saman, verður að beita sömu búhyggindum: Fjármunir sjóðsins geta áorkað miklu sé þeim beitt með markvissum hætti. Þar er ábyrgðin beggja – *sjóðsins og umsækjenda* – að vanda til verka.

Ítreka má það, sem áður hefur verið vakin athygli á, að þróunarfé þeirrar fjölbreyttu greinar, sem landbúnaðurinn er, liggur víða. Afar brýnt er að leita leiða til þess að nýta þetta fé vel. Ein leiðin er sú að þeir, sem á landbúnað leggja stund, hafi hugfast að þeir eru raunar allir í sömu leitinni og ganga sama afréttinn: eru að nýta hina ýmsu landkosti með beinum eða óbeinum hætti í þágu íslensku þjóðarinnar. Dæmin, sem um stjórnarborð Framleiðnisjóðs hafa farið, sýna að þar er af ýmsum fýsilegum möguleikum að taka sé hugviti og verkþekkingu beitt í bland við hæfilegan fjárstuðning úr sameiginlegum sjóðum bænda.

Stjórn og starfsmenn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins þakka öllum þeim, sem í hlut eiga, gagn- og ánægjuleg samskipti á árinu 2008.



Í Þverárrétt (Ljósma.: Jón G. Guðbjörnsson).

3. tafla. Skrá yfir framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til almennra hagræðingarverkefna á árinu 2008. Framlög eru flokkuð eftir viðfangsefnum. Upphæðir eru í krónum.

Nafn ábyrgðaraðila	Fl. Verkefni	Upphæð
Þróunarverkefni búgreina:		
Landbúnaðarháskóli Íslands	A1 Velferð mjólkurkúa í lausagöngufjósum	2.800.000
Samband ísl. loðdýrabænda	A1 Innflutningur erfðaefnis	3.500.000
Svínaræktarfélag Íslands	A1 Innflutningur erfðaefnis	15.000.000
		21.300.000
Önnur þróunarverkefni:		
Skógrækt ríkisins, Mógilsá	A2 Trjáknýbótaverkefnið <i>Betri tré</i>	600.000
Matís ohf	A2 Hollari tilbúnar kjötvörur	2.500.000
Veiðifélag Borgarfjarðar	A2 Bleikjan í vatnakerfi Hvítár í Borgarfirði	500.000
Akvaplan niva á Íslandi	A2 Kjöraðstæður bleikjueldis	3.000.000
Bændasamtök Íslands	A2 Gagnvirk upplýsingaveita fyrir bændur og ráðunauta	1.500.000
Matís ohf	A2 Aukin verðmæti úr íslensku byggi	2.000.000
Kolfinna Jóhannesdóttir	A2 Hreyfiöfl íslenska landmarkaðarins	500.000
Veiðimálastofnun	A2 Líffræði silungastofna á Íslandi	250.000
Matís ohf	A2 Nýting ostamysu í heilsutengd matvæli	1.300.000
Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	A2 Fóðurmatskerfi fyrir íslensk hross (framhald)	2.000.000
Listaháskóli Íslands	A2 Stefnumót bænda og hönnuða	2.300.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2 Hross í hollri vist	1.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2 Áhrif mism. fódursamsetningar á þroska kvígna	1.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2 Aðbúnaður og vöxtur nautgripa til kjötframleiðslu	870.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2 Norrænar erfðaauðlindir vallarfoxgrass	700.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2 Erfðabreytileiki asparryðs á Íslandi	1.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2 Áhrif skógræktar og landgræðslu á vatnavistkerfi	1.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2 Markvissar áburðarleiðbeiningar	2.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2 Smárablöndur og áhrif N-áburðar	500.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2 Niturbúskapur hvítmáratúna	1.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2 Vaxtarsvæði tegunda og yrkja í túnrækt	500.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2 Kornrækt og kornkynbætur	2.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2 Verkun heilsæðis	800.000
Háskóli Íslands	A2 Stofnvistfræði æðarfugls	900.000
Búnaðarsamband Eyjafjarðar	A2 Tæknivæðing klaufskurðar	1.500.000
Bændasamtök Íslands	A2 <i>Beint frá býli</i> , heimavinnsla og sala matvæla	1.750.000
Bændasamtök Íslands	A2 NorFor fóðurmatskerfi	2.988.000
Félag gulrófnabænda	A2 Nýjar varnaraðferðir gegn kálflugu í gulrófnarækt	175.000
Bændasamtök Íslands	A2 Rafræn skil skýrsluhaldsgagna nautgr.ræktar	2.500.000
Bændasamtök Íslands	A2 <i>Net-NPK</i> veflægt jarðræktarforrit	2.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2 Hraustar kýr, aukin sjálfbærni í fóðrun mjólkurkúa	1.500.000
Hákjarni ehf	A2 Undirbúningur að stofnun áburðarverksmiðju	1.500.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2 <i>Yndisgróður</i> - val á úrvæðingum fyrir garða ...	800.000
Þjóðfræðistofa	A2 Matarmening á Vesturlandi	500.000
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	A2 <i>Vaxtarsprotar</i> ; stuðningur við nýsköpun	5.219.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2 Ræktun papriku árið um kring	3.000.000
Barri hf	A2 Pokafrýsting trjáplantna	400.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2 Íslensk hráefni til undirburðar	500.000
		54.052.000

Samfjármögnun með Rannís:

Rannsóknamiðstöð Íslands	A3	sjá 5. töflu	7.050.000
--------------------------	----	--------------	------------------

Verkefni á lögbýlum:

Nýsköpun og efling atvinnu	B1	sjá 4. töflu	83.967.000
----------------------------	----	--------------	-------------------

Önnur verkefni á vegum bænda:

Theresa Vilstrup Olesen	B2	Vefverslun með lífrænan barnafatnað	700.000
Blöndubýggð ehf	B2	<i>Eyvindarstofa</i>	800.000
Landssamtök vistforeldra í sveitum	B2	<i>Sveitin - lærðu, lifðu</i> - átaksverkefni	300.000
Haco ehf	B2	<i>Tívolí náttúrunnar</i>	1.000.000
Júlíus Baldursson	B2	Landnámsþætur, kynningarverkefni	300.000
Grænn gróði ehf	B2	Þróun jarðkeppa fyrir landgræðsluþlöntur	1.500.000
Félag áhugamanna um Riis hús	B2	Riishús Borðeyri	500.000
Hrossaræktarfélag Þorkelshólsh.	B2	Sýningaraðstaða	250.000
Ölvisholt Brugghús ehf	B2	Þjórverksmiðja að Ölvisholti	2.000.000
Skör ehf	B2	Spænisframleiðsla á Langanesi	600.000
Pálína Fanney Skúladóttir	B2	<i>Náttúran í ull</i> - jurtafátáð ullarband	400.000
Miðskersbúið ehf	B2	Heimavinnsla afurða	1.000.000
Dagur Klemensson	B2	Raflækur ehf. Virkjun Nípár 2. hl.	1.050.000
Sigurgeir Jónsson	B2	Raflækur ehf. Virkjun Nípár 2. hl.	1.050.000
Kári Karlsson	B2	Raflækur ehf. Virkjun Nípár 2. hl.	1.050.000

12.500.000**Fyrirtæki í dreifbýli:**

Blábjörg ehf	B3	Heilsu- og listahótel	2.000.000
Lærdómssettrið Leirubakka	B3	<i>Lifandi miðaldir</i> , rannsóknamiðstöð	1.000.000
Veiðifélag Skaftártungumanna	B3	Hálendismiðstöð í Hólaskjólí	2.000.000
Gunnsteinn Gíslason	B3	Ferðaþjónusta á Norðurfirði	2.000.000
Víkingaland ehf	B3	Víkingaland, ferðaþjónusta	2.000.000
Kornþurrkun Eyjafjarðar ehf	B3	Kornþurrkunarstöð á Hjalteyri	2.000.000
Félag áhugamanna um skrímslasetur	B3	Skrímslasetur á Bildudal	1.000.000

12.000.000**Endurmenntun:**


Sigurdís Edda Jóhannesdóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Ragnheiður Kristjánsdóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Gréta Brimrún Karlsdóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Sindri Sigurgeirsson	C	Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Sighvatur Jón Þórarinsson	C	Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Anna Lóa Sveinsdóttir	C	Framhaldsnám í búfræði	500.000
Oddný Steina Valsdóttir	C	Framhaldsnám í búfræði	500.000
Hrafnhildur Baldursdóttir	C	Framhaldsnám í búfræði	500.000
Sigríður Ólafsdóttir	C	Framhaldsnám í búfræði	500.000
Eyþór Einarsson	C	Framhaldsnám í búfræði	500.000
Nýsköpunarsjóður námsmanna	C	Nýsköpunarverkefni námsmanna	520.000
Elin N. Grethardsdóttir	C	Námsstyrkur	250.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	C	Hrossafræði Ingimars	1.350.000

5.370.000**Markaðsmál:**

Sigríður Valdís Bergvinsdóttir	D	<i>Ár kartöflunnar 2008</i>	1.500.000
ÁFORM	D	<i>Food and Fun</i> matarhátíð	1.000.000
Landssamband fiskeldisstöðva	D	Markaðsátak fyrir bleikjuafurðir (framh.)	2.500.000
Fræðaveitan ehf	D	Gagnvirk upplýsingaveita um vötn og veiði	1.000.000
Ágúst Rúnarsson	D	<i>Njálunaut.is</i> heimavinnsla afurða	400.000
Kornmarkaður Suðurlands	D	Graskögglaframleiðsla á Stórólfsvöllum	400.000

Bændasamtök Íslands	D	<i>Iceland Naturally 2008</i>	1.017.000
Bændasamtök Íslands	D	Opinn landbúnaður	1.250.000
Búnaðarsamband Suðurlands	D	Landbúnaðarsýningin Helli - sögusýning	2.000.000
Handverk og hönnun	D	Sjálfseignastofnunin <i>Handverk og Hönnun</i>	1.000.000
Glófi ehf	D	Endurhönnun og markaðssókn ullarvara	1.000.000
Hrefnuber og Jurtir	D	Lífrænar sultur	300.000
Fuglasafn Sigurgeirs ses	D	Markaðssetning og margmiðlun	1.000.000
Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir	D	Ferðapjónustan í Tangahúsi	200.000
			14.567.000
Stofnrækt kartaflna:			
Landbúnaðarháskóli Íslands	G	Viðhald heilbrigðs kartöfluútsæðis	3.440.000
Samband garðyrkjubænda	G	Stofnræktun E-stofns kartaflna	630.000
			4.070.000

Atvinnunýsköpun á bújörðum 1997 - 2007
 þar sem stuðningur Framleiðnisjóðs hefur komið við sögu
 (fjöldi bóa)



4. tafla. Skrá yfir framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til atvinnu-eflingar og þróunar á bújörðum 2008, sjá 7. kafla b hér að framan. Greiðsla framlaga ræðst af framvindu verkefnis. Upphæðir eru í krónum.

Nafn/nöfn	Býli	Sýsla	Verkefni	Upphæð
Guðmundur Davíðsson	Miðdalur	Kjós.	Menningartengd ferðapj.	2.000.000
Guðríður Gunnarsdóttir	Þúfa	Kjós.	Tamningaaðstaða	1.500.000
Félagsbúið Hálsi	Háls	Kjós.	Kjötvinnsla	2.000.000
Hafsteinn Óðinn Þórisson	Brennistaðir	Borg.	Ferðapjónusta	2.000.000
Haraldur Magnússon	Belgsholt	Borg.	Vindmylla til orkuvinnslu	2.000.000
Ragnheiður Þórgrímsdóttir	Kúludalsá	Borg.	<i>Námshestar</i>	882.000
Sigurður Jóhannesson	Stóri Kálfalækur 2	Mýr.	Ferðapjónusta	2.000.000
Þórgímur E. Guðbjartsson	Erpsstaðir	Dal.	Ís- og ostagerð	1.250.000
Ólafur Skagfjörð Gunnarsson	Þurranes	Dal.	Golfvöllur	2.000.000
Kristján Hans Sigurðsson	Lyngbrekka	Dal.	Kornþurrkun	2.000.000
Halla S. Steinólfsdóttir	Ytri Fagridalur	Dal.	Hvannarkryddað lambkjöt	1.200.000
Nesskel ehf.	Gilsfjarðarbrekka	Barð.	Kræklingarækt og -vinnsla	2.000.000
Gautshamar ehf.	Heimabær, Arnardal	Ísfj.	Ferðapjónusta	2.000.000
Matthías Sævar Lýðsson	Húsavík	Strand.	Kjötvinnsla, <i>Lostalengjur</i>	1.800.000
Arnín Óladóttir	Bakki	Strand.	<i>Þemaferðir</i>	1.000.000
Hestamiðst. Gauksmýri ehf.	Gauksmýri	V.-Hún.	<i>Hrafnaping</i> - sýning	1.000.000
Björn Magnússon	Hólabak	A.-Hún.	Tamningaaðstaða	1.000.000
Linda Björk Ævarsdóttir	Steinnýjarstaðir	A.-Hún.	<i>Ísaumur</i> , handverk	900.000
Sigurbjörg Jónsdóttir	Litlidalur	A.-Hún.	Handverkstæðið Litlidal	700.000
Sonja Hafsteinsdóttir	Sjónarhóll	Skag.	Fósturheimili	950.000
Elvar Eylert Einarsson	Syðra Skörðugil	Skag.	Tamningaaðstaða	1.000.000
Vignir Sigurðsson	Litla Brekka	Eyj.	Tamningaaðstaða	2.000.000
Sigríður Kristín Sverrisdóttir	Skríða	Eyj.	Tamningaaðstaða	2.000.000
Holtsselsbúið	Holtasel	Eyj.	Kaffihús	1.000.000
Sigmar Bragason	Björg	Eyj.	Tamningaaðstaða	2.000.000
Þorvaldur Ó. Hallsson	Ysta Gerði	Eyj.	Tamningaaðstaða	1.600.000
Gunnar Hallgrímsson	Klambrasel	S.-Þing.	Veiðiheimplið Langavatni	1.000.000
Birgir Hauksson	Grímsstaðir 3	S.-Þing.	Kjötvinnsla, <i>Reykkofinn</i>	900.000
Ræktunarbúið Torfunesi ehf.	Torfunes	S.-Þing.	Hestamiðstöð að Torfunesi	2.000.000
Ferðapjónustan Bjargi ehf.	Bjarg	S.-Þing.	Uppbygging tjaldsvæðis	800.000
Ferðapj. Narfastöðum ehf	Narfastaðir	S.-Þing.	<i>'Local food and heritage trail'</i>	2.000.000
Jón Þór Dagbjartsson	Garður 2	N.-Þing.	Málmiðnaður, <i>Ryðfrítt</i>	750.000
Guðríður Baldvinsdóttir	Lón 2	N.-Þing.	Íðnaður, <i>Sælusápur</i>	470.000
Ragnar Axel Jóhannsson	Vogur	N.-Þing.	<i>Húsin við voginn</i>	1.000.000
Halldór Georgsson	Síreksstaðir	N.-Múl.	Ferðapjónusta	2.000.000
Fjalladýrð ehf.	Möðrudalur	N.-Múl.	Raforkuvirkjun	2.000.000
Freydís Dana Sigurðardóttir	Hryggstekkur	S.-Múl.	Tamningaaðstaða	1.365.000
Aðalsteinn Jónsson	Klaustursel	S.-Múl.	Afurðavinnsla	2.000.000
Hólabrekkufurðir ehf.	Hólabrekka	A.-Skaf.	<i>Hólabrekkufurðir</i>	2.000.000
Sigurbjörg Gyða Tracey	Vellir	V.-Skaf.	Ferðapjónusta	1.000.000
Fákshólar ehf.	Fákshólar	Rang.	Tamningaaðstaða	2.000.000
Guðlaugur H. Kristmundsson	Lækjarbotnar	Rang.	<i>Lækjarbotnablaikja</i>	1.000.000
Margrét Eggertsdóttir	Kaldakinn	Rang.	Ferðapjónusta	2.000.000
Hestaborg ehf.	Borg	Rang.	Hestamiðstöð	2.000.000
Guðfinna Þorvaldsdóttir	Saurbær	Rang.	Vinnustofa og gallerý	1.300.000
Sara Ástþórsdóttir	Álfhólar	Rang.	Tamningaaðstaða	2.000.000
Kristinn Guðnason	Árbæjarhjáleiga II	Rang.	Tamningaaðstaða	2.000.000
Ólafur Arnar Jónsson	Herríðarhóll	Rang.	Tamningaaðstaða	2.000.000
Guðný Halla Gunnlaugsdóttir	Búland	Rang.	Ferðapjónusta	2.000.000


Drangshlíðarbúið ehf.	Drangshlíð	Rang.	Ræktun, vinnla og sala korns	2.000.000
Björn Jónsson	Vorsabær II	Ám.	Sveitallf, - fræðsla og afþr.	1.000.000
Gris og Flesk ehf.	Laxárdalur 2	Ám.	Uppbygging á fóðuraðstöðu	2.000.000
Gljásteinn ehf.	Myrkholt	Ám.	Ferðaþjónusta	2.000.000
Kjartan H. Ágústsson	Langamýri I	Ám.	Aðstaða til rabarbaravinnslu	<u>1.600.000</u>

83.967.000

5. tafla. Framlög sem Rannsóknamiðstöð Íslands (RÍ) og Framleiðnisjóður landbúnaðarins (FL) samþykktu sameiginlega til rannsóknna- og þróunarverkefna á árinu 2008. Tölur í þúsundum króna.

Nafn ábyrgðarmanns	Stofnun	Verkefni	RÍ	FL
Áslaug Helgadóttir	Lbhí	Erfðafjölbreytni hvítmára	807	800
Bjarnh.K.Guðmundsdóttir	Tilraunast. Keldum	Sameindalíffræði AsaP1 og bóluþefnisgerð	3.000	1.000
Vilhjálmur Svansson	Tilraunast. Keldum	Gammaherpesveirur og hrossabólusetning	1.700	1.700
Valgerður Andrésdóttir	Tilraunast. Keldum	Taugasækni Mæði-visnu veirunnar	1.500	1.500
Þorvaldur Árnason	Lbhí	Samþætt mat keppniseiginl. og kynb.dóma	1.300	1.300
Viggó Þ. Marteinnsson ofl.	Matis og HÍ	Hlutabóluefni gegn vetrarsárum fiska	<u>775</u>	<u>750</u>
			9.082	7.050

Ráðstöfun fjármagns eftir verkefnaflokkum 1997 - 2007
Árleg ráðstöfun nemur 217 m kr.



Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Ársreikningur 2008

Framleiðnisjóður Landbúnaðarins
Hvanneyri
311 Borgarnes
kt. 590986-1789

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting stjórnenda.....	19
Áritun endurskoðenda.....	20
Rekstrarreikningur.....	21
Efnahagsreikningur.....	22-23
Sjóðstreymi.....	24
Skýringar.....	25-29

Staðfesting ársreiknings


Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga lánastofnana.

Samkvæmt lögum nr. 58/ 2007 er Garðávaxtasjóður sameinaður Framleiðnisjóði landbúnaðarins frá ársbyrjun 2008.

Á árinu 2008 var tekjuhalli af rekstri Framleiðnisjóðsins 1,4 m.kr. Eignir samtals eru 271,4 m.kr. í árslok. Skuldir samtals eru 157,7 m.kr. og eigið fé 113,7 m.kr. í árslok.

Stjórn og framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. febrúar 2009




Kjartan Ólafsson,
formaður.



Gunnar Sæmundsson.




Sveinn Ingvarsson.




Guðný Helga Björnsdóttir.

Ólöf Hallgrímsdóttir.



Jón G. Guðbjörnsson,
framkvæmdastjóri.



Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda og staðfestingar stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningurinn samþykktur.



Steingrímur J. Sigfússon,
landbúnaðarráðherra.

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Framleiðnisjóðs Landbúnaðarins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Framleiðnisjóðs landbúnaðarins fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á árinu 2008, efnahag 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008 í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 24. febrúar 2009



Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.



Sigurgeir Bóasson,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Framlög			
Fengin framlög:			
Framlag ríkissjóðs skv. búnaðarlagasamningi		160.000.000	157.000.000
Fengin framlög		<u>160.000.000</u>	<u>157.000.000</u>
 Veitt framlög:			
Fræðsla, endurmenntun, ráðgjöf	11	5.370.000	12.350.000
Samfjármögnun með Rannís		7.050.000	8.659.000
Þróunarverkefni búgreina	12	21.300.000	20.700.000
Önnur rannsóknar- og þróunarverkefni	13	54.052.000	59.438.000
Markaðsmál og vörubrúun	14	14.567.000	13.245.000
Fyrirtæki í dreifbýli	15	12.000.000	6.500.000
Nýsköpun á bújörðum og verkefni á vegum bænda	16	96.467.000	56.520.000
Stofnrækt kartaflna	8	4.070.000	
Fyrnd framlög	17	(28.163.763)	(18.549.353)
Veitt framlög		<u>186.712.237</u>	<u>158.862.647</u>
Fengin framlög umfram veitt		(26.712.237)	(1.862.647)
 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur og verðbætur		43.968.331	26.922.294
		<u>43.968.331</u>	<u>26.922.294</u>
 Rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld	18	17.072.172	16.151.626
Annar rekstrarkostnaður	19	5.932.207	3.953.950
Breyting á afskriftareikningi útlána	7	(4.305.617)	0
		<u>18.698.762</u>	<u>20.105.576</u>
 Tekjuhalli/-afgangur ársins		<u>(1.442.668)</u>	<u>4.954.071</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Eignir	Skýr.	2008	2007
Sjóður og innstæður			
Innistæður í lánastofnunum		<u>255.385.018</u>	<u>152.561.881</u>
Útlán			
Útlán	6	17.983.484	28.890.236
Afskriftasjóður útlána	7	<u>(12.000.000)</u>	<u>(16.305.617)</u>
		<u>5.983.484</u>	<u>12.584.619</u>
Eignarhluti í félögum			
Hlutabréf	20	10.000.000	10.000.000
Aðrar eignir			
Ríkissjóður		<u>0</u>	<u>77.400.000</u>
		<u>0</u>	<u>77.400.000</u>
Eignir alls		<u>271.368.502</u>	<u>252.546.500</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2008	2007
Aðrar skuldir:			
Óhafin framlög	9	153.864.148	157.259.055
Umsýslufé	10	2.946.123	40.452.490
Ýmsar skammtímaskuldir		866.037	858.467
Skuldir		<u>157.676.308</u>	<u>198.570.012</u>
Eigið fé:			
Eigið fé	8	113.692.194	53.976.488
Eigið fé		<u>113.692.194</u>	<u>53.976.488</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u>271.368.502</u>	<u>252.546.500</u>

Sjóðstreymi árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Handbært fé frá rekstri:			
Tekjuafgangur		(1.442.668)	4.954.071
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi:			
Verðbætur af skuldabréfaeign			(157.522)
Veltufé frá rekstri		(1.442.668)	4.796.549
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Aðrar eignir, (hækkun) lækkun		77.400.000	(75.500.000)
Aðrar skuldir, hækkun (lækkun)		(40.893.704)	26.547.567
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		36.506.296	(48.952.433)
Handbært fé frá rekstri		35.063.628	(44.155.884)
Fjárfestingarhreyfingar:			
Útlán		6.601.135	(92.036)
Skuldabréf		0	4.868.319
Fjárfestingarhreyfingar		6.601.135	4.776.283
Fjármögnunarhreyfingar			
Höfuðstóll frá Garðávaxtasjóði		61.158.374	
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		102.823.137	(39.379.601)
Handbært fé í ársbyrjun		152.561.881	191.941.482
Handbært fé í lok ársins.....		255.385.018	152.561.881

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Útlán

2. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum í árslok.
3. Afskriftasjóður útlána er myndaður til að mæta áhættu sem fylgir útlánastarfseminni. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður sjóður til að mæta hugsanlega töpuðum útlánnum. Afskriftasjóðurinn er dreginn frá útlánnum í efnahagsreikningi.

Handbært fé

4. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast óbundnar bankainnstæður sjóðsins.

5. Eignarhlutir

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði í efnahagsreikningi.

Sundurliðanir úr efnahagsreikningi

6. Útlán

Útlánnum Framleiðnisjóðs er hér skipt í 2 flokka. Í fyrsta lagi er um að ræða verðtryggð útlán með vöxtum og í öðru lagi óverðtryggð útlán með vöxtum.

	Eftirstöðvar 31.12. 2008
Verðtryggð útlán með vöxtum	10.525.169
Óverðtryggð útlán með vöxtum	7.458.315
Útlán samtals	<hr/> 17.983.484

Skýringar

7. Afskriftasjóður

Afskriftareikningur er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi.

Staða 1/1	16.305.617
Afskrifað á árinu.....	0
Lækkun á afskriftareikningi á árinu	(4.305.617)
Staða í árslok 2008	<u>12.000.000</u>

Eigið fé

8. Yfirlit um breytingar á eigin fé

Í ársbyrjun var Garðávaxtasjóður sameinaður Framleiðnisjóði, sbr. lög nr. 58/2007 og flyst höfuðstóll Garðávaxtasjóðs í árslok 2007 yfir til Framleiðnisjóðs.

Bókfært eigið fé í ársbyrjun	53.976.488
Höfuðstóll Garðávaxtasjóðs fluttur á Framleiðnisjóð.	61.158.374
Tekjuafgangur ársins	(1.442.668)
Eigið fé í árslok	<u>113.692.194</u>

9. Óhafin framlög

Óhafin framlög í árslok 2008 greinast þannig:

Framlög samþykkt á árinu 2006 og fyrr	12.623.669
Framlög samþykkt á árinu 2007	38.503.479
Framlög samþykkt á árinu 2008	102.737.000
Samtals	<u>153.864.148</u>

10. Umsýslufé

Framleiðnisjóði hefur verið falin fjármálaumsýsla vegna aðlögunarsamnings garðyrkju. Í árslok er óráðstafað kr. 2.946.123.

Skýringar

Sundurliðanir úr rekstrarreikningi

11. Fræðsla, endurmenntun, ráðgjöf

Framlög vegna fræðslu, endurmenntunar og ráðgjafar lækkuðu um 7,0 m. kr. milli ára eða um 56,5%. Framlög til bændanámskeiða veitt seint á árinu 2007 voru nýtt á árinu 2008.

	2008	2007
Bændanámskeið	0	8.000.000
Styrkir til framhaldsnáms	2.500.000	3.000.000
Endurmenntun fagfólks	0	250.000
Starfsmenntunarstyrkir	750.000	700.000
Ráðstefnur	0	100.000
Ýmis fræðsla og ráðgjöf	2.120.000	300.000
	<u>5.370.000</u>	<u>12.350.000</u>

12. Þróunarverkefni búgreina

Framlög til þróunarverkefna búgreina samtals eru mjög áþekk og á fyrra ári en framlög til einstakra búgreina breytast misjafnlega.

Nautgriparækt	2.800.000	9.200.000
Sauðfjárrækt	0	2.000.000
Svínarækt	15.000.000	5.000.000
Hrossarækt	0	2.500.000
Loðdýrarækt	3.500.000	2.000.000
	<u>21.300.000</u>	<u>20.700.000</u>

13. Önnur rannsókn- og þróunarverkefni

Framlög til annarra rannsókna- og þróunarverkefna lækka um 5,4 m. kr. milli ára eða um 9,1%.

Erfða- og líffræðirannsóknir	600.000	12.000.000
Ræktunar-, jarðvegs- og gróðurrannsóknir	13.300.000	13.550.000
Beitar- og fóðurrannsóknir	4.988.000	8.193.000
40 ára afmælisrannsóknaverkefni	0	5.000.000
Matvælarannsóknir	7.670.000	2.000.000
Bútækni, þróunarverkefni	6.000.000	2.400.000
Fiskirækt og hlunnindanýting	3.750.000	4.250.000
Ferðaþjónusta, þróunarverkefni	0	1.000.000
Nautgriparækt, önnur verkefni	3.000.000	2.000.000
Loðdýrarækt, önnur verkefni	0	900.000
Ráðgjafar- og gæðastjórnunarverkefni	7.519.000	4.270.000
Ýmis rannsókn- og þróunarverkefni	7.225.000	3.875.000
	<u>54.052.000</u>	<u>59.438.000</u>

Skýringar

14. Markaðs- og vöruþróun

Framlög til markaðs- og vöruþróunar hækka um 1,3 m.kr.milli ára sem er 10,0% hækkun.

	2008	2007
BÍ upplýsinga- og kynningarmál	2.267.000	3.195.000
Matur og matarmenning	2.500.000	2.500.000
Vegna hrossa og hrossaafurða	0	1.500.000
Vegna fiskeldis	2.500.000	0
Vegna sauðfjárafurða	1.000.000	2.000.000
Bændamarkaðir og heimasala	1.900.000	2.050.000
Landbúnaðarsýningin á Hellu	2.000.000	
Ýmis markaðs- og kynningarmál	1.400.000	
Handverk og hönnun	1.000.000	2.000.000
	<u>14.567.000</u>	<u>13.245.000</u>

15. Fyrirtæki í dreifbýli

Framlög í þennan flokk hækka mikið milli ára sem skýrist af mun fleiri verkefnum en áður.

Vegna ferðaþjónustu	9.000.000	2.000.000
Vegna annarra fyrirtækja	3.000.000	4.500.000
	<u>12.000.000</u>	<u>6.500.000</u>

16. Nýsköpun á bújörðum og verkefni á vegum bænda

Framlög til nýsköpunar á bújörðum og verkefni á vegum bænda hækka um 39,9 m.kr milli ára eða um 70,7%. Mikill munur milli ára skýrist m.a af því að verkefni á árinu 2007 voru töluvert færri en á árinu 2006. Eins og áður er hámarksframlag til einstakra verkefna 2,0 m.kr. en þó aldrei hærra en 30% af stofnkostnaði.

Ferðaþjónusta	25.800.000	24.700.000
Tamningaaðstaða	24.465.000	10.900.000
Smávirkanir og hitaveitur	4.000.000	7.900.000
Fiskeldisaðstaða	3.000.000	0
Önnur verkefni	13.652.000	1.150.000
Handverksaðstaða	1.600.000	2.000.000
Hlunnindaverkefni	0	2.000.000
Aðstaða vegna heimavinnslu afurða	11.450.000	4.000.000
Önnur verkefni á vegum bænda	12.500.000	3.870.000
	<u>96.467.000</u>	<u>56.520.000</u>

Skýringar

17. Fyrnd framlög

Hér er um að ræða bakfærslu óhafinna framlaga sem samþykkt voru á árunum 2006 og fyrr en hafa ekki verið nýtt að neinu leyti. Samkvæmt verklagsreglum sjóðsins fynast loforð um framlög á tveimur árum.

18. Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður hækkar um 5,7% milli ára.

	2008	2007
Stjórnarlaun	5.238.000	4.804.920
Laun	9.376.615	9.012.793
Launatengd gjöld	2.457.557	2.333.913
	<u>17.072.172</u>	<u>16.151.626</u>

19. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður hækkar um 2,0 m.kr. milli ára sem er 50% hækkun. Hér munar mestu að lögfræðikostnaður sem ekki var á árinu 2007. Þá hækkar kostnaður vegna funda- og ferðakostnaðar og kostnaður við endurskoðun umtalsvert en þessir liðir höfðu lækkað á árinu 2007 frá árinu 2006.

Ferða- og fundakostnaður	1.943.866	1.383.243
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.189.579	904.616
Endurskoðun og gerð ársreiknings	569.400	277.500
Lögfræðikostnaður	886.259	
Húsnaðiskostnaður	1.317.687	1.161.139
Gjaldfærður búnaður	25.416	227.452
	<u>5.932.207</u>	<u>3.953.950</u>

20. Hlutabréf

Á árinu 2003 keypti sjóðurinn hlutabréf í ORF líftækni ehf. Kaupverð var 10 m.kr. Nafnverð hlutarins er 1 m.kr. Eignarhluti Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er 1,063%.